

## Verkefnisstjórn um aðgang að gagnasöfnum

### Ársskýrsla 2001

Í samræmi við starfsáætlun 2001 leggur verkefnisstjórnin hér fram ársskýrslu fyrir árið 2001. Hún er sett upp á svipaðan hátt og starfsáætlunin svo lesendur geti betur glöggvað sig á framkvæmdum og efndum. Helstu markmið ársins voru:

- a) *Að koma umsýslu umsamdra gagnagrunna og framkvæmd samninga í fast form.*
- b) *Að semja um aðgang að a.m.k. 5 gagnagrunnum og um aðgang að tímaritum í rafrænu formi frá a.m.k. 5 útgefendum.*
- c) *Að efla almenna kynningu á notagildi rafrænna gagnagrunna og standa fyrir og hvetja til fræðslustarfs um rafræna gagnagrunna og notkun þeirra.*

Verkefnisstjórn um aðgang að gagnasöfnum hélt 23 fundi á árinu 2001, að auki einn fund með tenglahópum bókasafnanna og einn samráðsfund með tengiliðum íslensku netveitanna auk þess sem einstakir stjórnarmenn áttu fundi með ýmsum upplýsingasölum. Þá áttu tveir stjórnarmenn fund með stjórn Sambands íslenskra sveitafélaga 25. maí 2001

#### a) Umsýsla

Frá ársbyrjun 2001 fer Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn með daglega framkvæmd landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.

1. Þóra Gylfadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur var þá ráðin í fullt starf til þess að vinna að þessu verkefni. Hennar hlutverk er að annast samskipti við seljendur gagnasafnanna að samningsgerð lokinni. Auk þess er hún tengiliður við íslensku netveitufyrirtækin.
2. Hún annaðist þjónustu og leiðbeiningar við notendur, leitaðist við að tryggja að aðgangur að gögnum væri í samræmi við gerða samninga, hafði eftirlit með að farið væri að notkunarreglum sem um gögn gilda, fylgdist með notkun gagna og hélt til haga tölfræðilegum upplýsingum um notkun Íslendinga á gagnasöfnunum. *Sjá fylgiskjal 4.*
3. Stefna um kostnaðarhlutdeild vegna aðgangs að rafrænum gagnasöfnum var útfærð í samræmi við kostnaðarskiptingarlíkan skv. minnisblaði verkefnisstjórnar til menntamálaráðherra dags. 27. desember 2000. Hinn 10. apríl 2001 voru sendir út reikningar vegna þessa aðgangs fyrir árið 2001, ásamt skýringarbréfi, til 243 bókasafna, stofnana og fyrirtækja, samtals að upphæð 31 milljón króna. Sú innheimta skilaði mjög misjöfnum árangri og 30. janúar 2002 höfðu innheimst um 17,4 milljónir króna eða 56,3%. Háskólabókasöfn og framhaldsskólabókasöfn greiddu sinn hluta en rannsóknarbókasöfn og stjórnsýsla ekki að því marki sem vænst hafði verið. Almenningsbókasöfn hafa greitt megnið af því sem þeim var ætlað en þó sáu nokkur stór söfn í nágrenni Reykjavíkur sér ekki fært að greiða það sem þeim var ætlað. Erfitt reyndist að fá atvinnulífið til að greiða þann fjórðung sem talið var eðlilegt að það bæri.

4. Kostnaðarhlutdeild vegna landsaðgangs að rafrænum tímaritum byggist á því að útgefendur sem samið var um landsaðgang við verðleggja hann sem viðbótar-kostnað við þær áskriftir að prentuðum tímaritum sem voru í landinu árið 2001. Skipting þessa viðbótarkostnaðar sem nemur um 11 m.kr. er framkvæmd á þann veg að honum er skipt á þau bókasöfn og fyrirtæki sem verið hafa áskrifendur að tímaritum þeirra útgefenda sem samið var við, og er greiðslan í réttu hlutfalli við upphæð áskriftar. Menntamálaráðuneyti lagði til þrjár milljónir króna til að af þessu gæti orðið og má líta á það sem greiðslu fyrir almenn afnot tímaritanna. Reikningar ásamt skýringarbréfi voru sendir út 20. ágúst 2001 og var heildarupphæðin tæplega 8 milljónir og innheimtust 7,5 m.kr.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur fyrir hönd verkefnisstjórnar séð um að greiða alla reikninga frá þeim birgjum sem skipt er við þannig að engin vanskil eru við upplýsingasala. Þetta hefur valdið verulegri röskun á fjárhag safnsins. *Sjá fylgiskjal 2.*

**b) Samningsgerð og samstarf**

1. Samið var um landsaðgang að Alacra™, vefgátt á sviði viðskipta- og fyrirtækjaupplýsinga.
2. Samið var við Macmillan um landsaðgang að alfræðisöfnunum Grove Dictionary of Art og Music & Opera.
3. Samið var um landsaðgang að yfir 1.800 tímaritum frá Academic Press, Blackwell Publishers, Blackwell Science, Karger, Kluwer Academic Publishing, Munksgaard og Springer Verlag. Milligöngu um þá samninga hafði Swets-Blackwell í Kaupmannahöfn. Þá var einnig samið um landsaðgang að tímaritum Elsevier Science sem eru um 1.200.
4. Þá hefur verkefnisstjórnin átt þátt í að samningar að öðrum gagnasöfnum hafa komist á. Þar má nefna OVID (sem einnig opnaði nokkur gagnasafna sinna öllum landsmönnum), CINAHL, PsycINFO, Cambridge Scientific Abstracts, auk GeoRef og EconLit.
5. Þorsteinn Hallgrímsson sótti 2. – 3. apríl 2001 ráðstefnu í Edinborg sem haldin var á vegum þeirra sem sjá um innkaup tímarita fyrir breska háskóla, og átti þar samningaviðræður við tímaritaútgefendur um landsaðgang. Þóra Gylfadóttir tók ásamt fulltrúum hinna norrænu rafbókasafnanna þátt í kynningar- og samningafundi í Kaupmannahöfn þann 19. október 2001, þar sem rætt var við fulltrúa Macmillan útgáfunnar um aðgang að Nature tímaritunum.

Að þessu upptöldu hefur Verkefnisstjórn um aðgang að gagnasöfnum frá upphafi komið að samningum við fjórtán seljendur gagna- / tímaritssafna sem fela í sér aðgang að 6.700 rafrænum tímaritum, 36 gagnasöfnum, þremur alfræðisöfnum, einni orðabók og einni vefgátt. Allt er þetta í landsaðgangi að undanskildum CINAHL, PsycINFO, Cambridge Scientific Abstracts, auk GeoRef og EconLit.

Í flestum tilvikum hefur samband við gagnasöfnin og aðgangur að þeim gengið snurðulítið fyrir sig að því undanteknu að tímarit Blackwell Publishers sem eru í

gagnasafninu Ingenta eru einungis opin þeim sem hafa fengið settan upp sérstakan “reikning” fyrir sína stofnun / fyrirtæki. Verkefnisstjórn telur það óásættanlegt að ekki hefur verið opnað fyrir aðgang allra landsmanna að tímaritum Blackwell Publishers. Þá hefur sambandið við Britannica Online verið óstöðugt og hefur það valdið óánægju notenda.

Verkefnisstjórnin fylgdist með á erlendum vettvangi svo sem kostur var á, þó einkum norrænum. Þóra Gylfadóttir sótti sumarskóla NORDINFO um *Det digitale bibliotek II* í Kaupmannahöfn 25. júní – 6. júlí 2001. Þá heimsótti hún einnig Biblioteksstyrelsen – Danmarks elektroniske forskningsbibliotek og kynnti sér hvernig Danir haga sínum málum á þessu sviði.

### c) Kynning og fræðslustarf

Unnið var að kynningu á gagnasöfnunum, einkum á seinni hluta ársins. Beint námskeiðahald á vegum verkefnisstjórnarinnar sjálfrar varð minna en til stóð vegna fjárskorts.

1. Í nóvember og desember 2001 hélt Endurmenntun Háskóla Íslands þrjú heils dags námskeið fyrir bókasafns- og upplýsingafræðinga og annað starfsfólk bókasafna: Rafræn gagnasöfn – hvar.is. Kennarar voru Sólveig Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri bókasafns- og upplýsingasviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, og Þóra Gylfadóttir, verkefnisstjóri í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.
2. Í apríl 2001 var vefur verkefnisstjórnarinnar [hvar.is](http://hvar.is) opnaður. Hugmynd að nafni vefsins kom frá Sólveigu Þorsteinsdóttur en merki vefsins var hannað af Hany Hadaya hjá auglýsingastofunni Yddu. Aðsókn að vefnum hefur farið vaxandi frá upphafi en sló öll met í kjölfar málþings um rafræn tímarit sem haldið var 5. nóvember 2001. *Sjá fylgiskjal 3.*
3. Eftirfarandi kynningar á gagnasöfnum og námskeið voru haldin á árinu:
  - i) *DataDownlink*: Robert Taylor, Sales Director, Europe og Owen Hourican, Client Services Manager héldu morgunverðarfund með bókavörðum 17. maí í Reykjavík
  - ii) *Elsevier Science*: Wendy Gaurié, Account Development Manager kom og hélt kynningar, 1. október í Reykjavík og 2. október á Akureyri.
  - iii) *Alacra<sup>TM</sup>* (áður *DataDownlink*): Owen Hourican, Client Services Manager kom og hélt kynningar 9. október á Akureyri og 10. október í Reykjavík.
  - iv) *ProQuest 5000*, *SiteBuilder* og *Literature Online*: Charlotte Longhurst, Training Manager og Kieron Wise, Technical Solutions Manager komu og héldu kynningar og námskeið, 31. október í Reykjavík og 1. nóvember á Akureyri.
  - v) *Málþing um rafræn tímarit* var haldið í Reykjavík 5. nóvember 2001. Björn Bjarnason menntamálaráðherra setti málþingið, Dagmar Laging, LINK Licensing Executive frá Springer Verlag, Richard Utley, Sales Manager frá Kluwer Academic Publishers, Andy Crowther, Online Business Manager frá Academic Press og Peter Flodin, Sales Manager frá Swets Blackwell í Danmörku fluttu ávörp. Um 100 manns sóttu málþingið og um það var fjallað í fréttum helstu fjölmiðla þann daginn og þá sem í kjölfarið fylgdu.

- Daginn eftir voru Peter Flodin og Þóra Gylfadóttir með kynningarfund um málþingið og þjónustu SwetsBlackwell fyrir bókaverði á Akureyri.
- vi) *OVID*: Alan Finn og Alastair Cook, Territory Manager kynntu nýjungar í upplýsingatækni og læknávisindum með tengingu við OVID, 14. - 16. nóvember 2001 í Reykjavík.
4. Eftirfarandi greinar og viðtöl um landsaðgang að rafrænu gagnasöfnum birtust á árinu 2001:
- i) Þóra Gylfadóttir: Landsaðgangur að rafrænum gögnum. *Fregnir* 26:1(2001), 13-15.
  - ii) Sólveig Þorsteinsdóttir: Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum - Samantekt úr skýrslu nefndar á vegum menntamálaráðuneytisins 1999. *Bókasafnið* 25(2001), 36-48.
  - iii) Sólveig Þorsteinsdóttir og Haukur Ingibergsson: Starf verkefnisstjórnar um aðgang að rafrænum gagnasöfnum. *Fregnir* 26:2(2001), 14-17.
  - iv) Þóra Gylfadóttir: Upplýsingavefurinn hvar.is. *Morgunblaðið* 26. júní 2001, viðtal.
  - v) Þóra Gylfadóttir: Rafræn gögn á hvar.is. *Fréttabréf Háskóla Íslands* 23:3(2001), 31.
  - vi) Þóra Gylfadóttir: Rafræn gagnasöfn opin öllum á Netinu. *Morgunblaðið* 10. nóvember 2001.
  - vii) Sólveig Þorsteinsdóttir: Frá verkefnisstjórn um aðgang að gagnasöfnum. *Fregnir* 26:3(2001), 41-42.
  - viii) Sólveig Þorsteinsdóttir: Viðtal í *Víðsjá á Rás 1* 15. nóvember 2001.
  - ix) Haukur Ingibergsson: Viðtal í *Morgunútvarpi Rásar 2*. 28. nóvember 2001.

Verkefnisstjórnina skipuðu Haukur Ingibergsson formaður, Eydís Arnviðardóttir, Gísli Sverrir Árnason, Sólveig Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Hallgrímsson.

Fylgiskjöl:

1. Gagnasöfn og samningsaðilar
2. Greiðslustaða
3. Aðsókn að hvar.is
4. Notkun landsaðgangs